

Hæfniviðmið í fjármálalæsi að loknu grunnskólanámi

Tillaga Fjármálavits

Einstaklingur á að:

- a. hafa tileinkað sér verðvitund og geta greint á milli og borið saman gæði og verð á vörum og þjónustu.
- b. vera fær um að rýna í auglýsingar með gagnrýnum hætti og greina á milli staðreynda og áróðurs.
- c. geta borið saman og metið mismunandi framboð lausna þegar kemur að því að versla, t.d. að versla rafrænt eða á staðnum, skoða smáa letrið, passa upp á netöryggi og vera meðvitaður um netþrjóta.
- d. átta sig á kostum, göllum, hættum og tækifærum mismunandi greiðslumáta við kaup á vöru eða þjónustu. T.d. hvað það þýðir að millifæra peninga á annan aðila, að greiða með greiðslukorti (debet/kredit), að staðgreiða með peningum, að nýta raðgreiðslur, að taka yfirdrátt í banka eða nýta önnur skammtímalán eða smálán.
- e. geta sett upp einfalda fjárhagsáætlun/sparnaðaráætlun og haft yfirsýn yfir eigin tekjur og gjöld.
- f. hafa nokkra vitund um hvað það kostar fyrir einstakling að vera til og átta sig á helstu kostnaðarliðum í rekstri heimilis, t.d. hiti og rafmagn, matarinnkaup, samgöngur, tryggingar osv.frv.
- g. skilja tilgang trygginga og geta gert sér grein fyrir eigin þörfum.
- h. gera sér grein fyrir almennum réttindum og skyldum á vinnumarkaði sem felur m.a. í sér að geta lesið og skilið ráðningarsamning, hafa skoðun á launum og vinnutíma og skilja hvað stendur á launaseðli, eins og orlofsréttur, lífeyrissjóðsgreiðslur, slysa- og veikindaréttur, skylda til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars osv.frv. Hann þarf auk þess að átta sig á grundvallarmuninum muninum á því að vera launþegi og því að greiða sjálfum sér laun.



- i. geta metið mögulegar leiðir til að spara fyrir húsnæði, átta sig á því hvað felst í að leigja húsnæði, geta lesið og skilið húsaleigusamning og skilið réttindi og skyldur á leigumarkaði.
- j. átta sig á samspili tíma og ávöxtunar þegar kemur að sparnaði og lántöku.
- k. átta sig á mikilvægi sparnaðar og geta greint og borið saman mismunandi sparnaðarform, t.d. óbundið/bundið, verðtryggt/óverðtryggt, bankareikningur/hlutabréf/sjóður osv.frv.
- l. þekkja tilgang lífeyrissjóða og valkosti til lífeyrissparnaðar t.d. viðbótarlífeyrissparnaðar.
- m. vera almennt fær um að meta mögulega áhættu og ávinning þegar kemur að því að taka ákvarðanir í fjármálum t.d. þegar kemur að því að ráðstafa sparnaði í mismunandi fjárfestingaleiðir.
- n. vita hvað felst í því að taka lán, hvað þarf að hafa í huga þegar lán er tekið og átta sig á heildarkostnaði við lántöku.
- o. geta borið saman mismunandi tegundir lána, þekkja grundvallarmun skammtímaláns og langtímaláns og átta sig á hvað felst í stórum skuldbindingum eins og húsnæðislánum og námslánum.
- p. gera sér grein fyrir vandamálum sem geta komið upp varðandi ákvarðanir í fjármálum, t.d. hvað gerist ef einstaklingur getur ekki greitt af láni og hvaða leiðir standa til boða.
- q. skilja áhrif breytinga í efnahagsumhverfinu á fjármál einstaklinga, t.d. áhrif yfirvalda og stjórnþækja þeirra og þekkja mismunandi gerðir áhrifaþátta eins og stýrivexti, gengi og verðbólgu.
- r. skilja samhengið milli þjóðarhags og einkaneyslu, opinberra fjármála og eigin fjármála, t.d. af hverju einstaklingar greiða skatta til samfélagsins, hvernig laun eru ákvörðuð osv.frv.

Vera kunnugur hugtökum á borð við:

Laun, ráðstöfunartekjur, skattur, virðisaukaskattur, tollar, innlán, útlán, sparnaður, vextir, vaxtavextir, stýrivextir, árleg hlutfallstala kostnaðar (ÁHK), lántökugjald, skammtímalán, smálán, lífeyrissjóður, lífeyrissparnaður, tryggingar, verðbólga, verðhjöðnun, verðtrygging, áhætta, láns hæfismat, atvinnuleysi, rafrænn gjaldmiðill, hlutabréf, verðbréf, verðbréfasjóðir, skuldabréf, áhætta, vísitala neysluverðs, vöruskiptajöfnuður, gengi, opinber gjöld, stéttarfélag, kjarasamningur.